



## „Íslenska vísar veginn“ og „Íslenska – sjálfsagt mál“

*Kennslubækur í íslensku sem öðru máli.*

*Höfundur: Þórunn Halla Guðlaugsdóttir*

### Íslenska vísar veginn

IÐNÚ, 2008  
140 bls.

Útgefandi:

3. prentun 2011,

Bók þessi er kennslubók í íslensku fyrir nemendur af erlendu þjóðerni sem búsettir eru á Íslandi og einnig íslenska nemendur sem ekki hafa alist upp í íslensku málumhverfi.

Með námsefninu er leitast við að þjálfar nemendur í íslensku ásamt því að efla menningarfærni sem jafnframt stuðli að félagslegri vellíðan nemenda.

Námsefnið er sniðið að þörfum byrjenda. Lögð er áhersla á að byggja upp orðaforða sem varðar daglegt líf í íslensku samfélagi. Jafnframt ætti það að gera nemandanum kleift að ná sem fyrst valdi á að bjarga sér af eigin rammleik við algengar aðstæður í þjóðfélaginu og reka einföld erindi. Um leið er lagður grunnur að áframhaldandi námi í íslensku sem mun auðvelda erlendum nemendum að stunda nám í íslenskum framhaldsskólum.

Nemendur af erlendu þjóðerni er mjög fjölbreyttur hópur nemenda sem er misjafnlega undir það búinn að hefja íslenskunám. Af þeirri ástæðu ræður kennslufræðileg nálgun miklu um röðina á viðfangsefnum bókarinnar og framsetningu þeirra. Haft er að leiðarljósi að vinna frá hinu einfalda til hins flókna, þannig að nemendur fái sem fyrst þá tilfinningu að þeir valdi viðfangsefninu og vaxi þor til þess að halda áfram.

Lögð er áhersla á að setja námsefnið fram á myndrænan hátt til að auðvelda nemendum námið. Málfræðiatríði sem kunna að verða lögð inn eru ívaf í setningar sem vaxa smátt og smátt að þyngd hvað orðaforða og uppbyggingu varðar.

Kennslufræðilegt gildi endurtekningar og þjálfunar verður seint ofmetið, ekki hvað síst í tungumálanámi. Bókin er því jafnframt verkefnabók og fylgja verkefni öllum efnispáttum sem lagðir eru fyrir í bókinni. Einnig er tilvalið að þjálfar þá jafnframt munnlega.

Bókin er ætluð nemendum sem eru að hefja íslenskunám í framhaldsskóla en getur hugsanlega hentað nemendum í efstu bekkjum grunnskóla og fleirum sem stunda íslenskunám.

Fremst í bókinni eru skýringar á myndlyklum sem koma fyrir víðsvegar í bókinni og eiga að auðvelda nemendum að fylgja fyrirmælum. Lögð er áhersla á að hafa fyrirmæli einföld, þannig að nemendur geti hugsanlega fylgt þeim sjálfir án mikilla útskýringa. Bókin getur því ef til vill nýst þeim sem vilja læra íslensku upp á eigin spýtur.

Neðanmáls eru gefnar þýðingar á íslenskum orðum yfir á ensku í þeim tilgangi einum að það geti hugsanlega komið einhverjum nemendum til góða.

## **Íslenska – sjálfsagt mál**

2010

Útgefandi: IÐNÚ,

Endurbætt útg. 2011, 156 bls.

Bókin **Íslenska – sjálfsagt mál** er kennslubók í íslensku fyrir erlenda nemendur. Hún er ætluð nemendum sem lært hafa íslensku í u.þ.b. tvær annir og eru að hefja íslenskunám á 3. önn í framhaldsskóla, mögulega nemendum á 2. önn, allt eftir stöðu hópsins.

Í bókinni er lögð áhersla á að auka talsvert orðaforða nemenda, enn fremur að þeir geti þekkt mismunandi orðalag og orðatiltæki í íslensku og náð merkingarlegu samhengi í léttum/meðalþungum texta.

Rifjuð eru upp nokkur grundvallaratriði í málfræði og fleiri bætast við. Sum orð sem koma fyrir í texta eru krufin til mergjar í því augnamiði að skoða málfræðina nánar og þar með stuðla að því að nemendur verði betur læsir á hana. Það ætti að gera þeim kleift að leita að upplýsingum um ýmis málfræðiatríði þegar þau koma fyrir í textanum.

Textinn fjallar um dvöl franskrar stúlku á Íslandi og kynnast nemendur íslensku þjóðfélagi með henni. Að hluta er litið til baka og fjallað á einfaldan hátt um nokkra mikilvæga þætti í sögu þjóðarinnar og menningu. Hugmyndin er sú að um leið og textinn nýtist við íslenskunámið geti hann komið að gagni í daglegu lífi í þjóðfélaginu ásamt því að leggja grunn að áframhaldandi námi í framhaldsskóla.

Mikil áhersla er lögð á að nemendur nái leikni í að nýta kunnáttu sína og því fylgja verkefni hverjum kafla. Í bókinni er þýðing á orðum og orðatiltækjum sem koma fyrir í bókinni, á ensku, og ætti það að auðvelda nemendum að þýða þau yfir á eigið tungumál. Viðaukar eru aftast í bókinni. Þar er um að ræða ýmis mynstur í málfræði sem hagnýtt er að geta flett upp.